


# FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 8. mars 2018 | 10. töl. 16. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is) öflugur fréttavefur



Iceland  
STAÐARBERGI

## MERKURGATA



168m<sup>2</sup> 69,5 millj. kr.

Glæsilegt þrjúflýtt reisulegt einbýlishús í hjarta Hafnarfjarðar. Falleg aðkoma og frábært útsýni, góð bílastæði. Sjón er sögu ríkari.

## FURUHLÍÐ



240m<sup>2</sup> 83,9 millj. kr.

Glæsilegt parhús m/innb. bílskúr. 5 svefnherb. Nýleg rúmgóð sólstofa og mjög fallegur garður. Frábær staðsetning og útsýni.

## VÖRÐUSTÍGUR



152 m<sup>2</sup> 69,8 millj. kr.

Glæsilegt gamalt uppgert einbýlishús á einstökum stað í hjarta bæjarins. Eignin er öll mikið endurnýjuð á einstaklega smekkleган hátt.

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • [www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)

Stofnuð 1983

Skodaðu tertuúrvalið á [kokulist.is](http://kokulist.is)



Jón Aríkúss  
KÖKULIST

Kökulist verslunarmiðstöðinni Fróð Hafnarfirði  
Kökulist Hólavögu 17 Reykjavík  
Kökulist Strönd 2 Garðabæ  
Kökulist Þróttavísi 555 66 55

## Litla Gæludýrabúðin

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666



## Setbergsbúar vilja eftirlitsmyndavélar

Samþykkt á íbúafundi að óska eftir 4 eftirlitsmyndavélum

Á íbúafundi í Setbergsskóla 1. mars sl. voru fundarmenn ásáttir um að óska eftir að eftirlitsmyndavélar yrðu

settar á allar 4 aðkomuleiðir í hverfið. Töldu þeir að þær hefðu ekki aðeins fælingarmátt gegn innbrotum sem

mikið hafa verið til umræðu undanfarið, heldur einnig gegn óæskilegri hegðun eins og vímuefnasölu og lokkunar-tilraunum á börnum.

Kristín Thoroddsen, íbúi í Setbergi segir mikilvægt að verjast með öllum hætti gegn þessari vö sem aftur og aftur kemur upp. „Við, íbúar í Setberginu viljum gera allt hvað hægt er til að gera hverfið okkar öruggara.“

Á fundinum var einnig hugur í fólk að taka upp nágrannavörslu.



Litl. Guðni Glaason  
Hluti Setbergshverfis og Urriðakotsvatn.

  
-stöðin  
**TAXI**  
Hafnfirska leigubílastöðin  
**520 1212**

  
sími  
842  
2217  


## Burger\*inn



Sími: 555 7030  
[www.burgerinn.is](http://www.burgerinn.is)

## INGI TÓMASSON

### 2. sæti

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins, 10. mars 2018

Taktu þátt og hafðu áhrif

[www.ingitomasson.is](http://www.ingitomasson.is)



# FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



## leiðarinn

Ekkert virðist ganga eða reka með endurbætur á Reykjanesbraut en nýjasta útspil Vega-gerðarinnar er að fresta bráðaaðgerðum og nýta árið til samráðs við Hafnarfjarðarbæ um þjóðvegi í gegnum bæinn. Með vaxandi flugumferð hefur akstur í gegnum bæinn aukist gríðarlega og löngu tímabært að vegaáætlun geri ráð fyrir að ljúka við tvöföldun frá kirkjugarði og í Hvassahraun auk þess að setja Reykjanesbrautina í stökk við Álfaskeið með hringtorgi ofan á stokknum við Lækjargötu. Þetta var á ætlun fyrir hrún en þá hafði ekki verið gert ráð fyrir fjármagni í allt verkið svo bæjaryfirvöld kusu að lagfæra Reykdalsbrekkuna og fá mislæg gatnamót við Kaldárselsveg sem var brýnt verkefni þegar Áslandið var að byggjast.

Hvað vakir fyrir Vegagerðinni að fresta aðgerðum? Býst hún við að nægilegt fjármagn fái til gerð nýrrar vegaáætlunar til að fara í alvöru endurbætur á brautinni í stað bráðabirgðalausna sem margir eru efns um að séu nógu öruggar.

Hafnirfjörðingjar þurfa að hafa hátt og krefjast úrbóta og allir þurfa að standa saman, stjórnálmenn sem íbúar. Bráðabirgðalausn dugar mjög skammt en allsendis er óvíst hvort fjármagn fái til næstu árum að ljúka við Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð.

Hins vegar þurfa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að vinna saman því lítið gagn er í endurbótum sem aðeins færa umferðartæppur til á svæðinu. Allt bendir til að hin mikla aukna umferð verði til þess að fólk verði að gera sér að góða að gefa sér góðan tíma á háannatíma eða í auknum mæli að snúa sér að almenningssamgöngum. Borgarlínunni er einmitt ætlað að draga úr þessum umferðarhnútum með því að verða áhugaverður kostur fyrir íbúa til að nota til og frá vinnu. Mikilvægt er að tryggja að almenningssvagnar komist hratt og örugglega á milli staða og þung gatnamót verði gerð með þeim hætti að þeir komist framhjá löngum röðum.

Hraðann í gegnum Hafnarfjörð þarf örugglega að lækka enda ekki hægt að búast við að fólk geti ekið á 90 km hraða á háannatíma alveg að sínum vinnustað.

Guðni Gíslason ritstjóri.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er  
www.utfararstofa.is



Álfaskeiði 115 | sími 555 7676

www.bodunarkirkjan.is

Prestur og forstöðumaður:  
Steinþór Þórðarson sími 849 9584

Alla laugardaga kl. 11, fram í mars mun  
Steinþór fjalla um hin stórbrotnu efni  
Opinberunarbókarinnar.

Þessi síðasta bók Biblíunnar er bæði  
hrifandi og auðskilin.

Allir hjartanlega velkomnir.

Veitingar eftir samkomu.

Á Útvarpi Boðun FM 105,5 er  
Biblúfræðsla allan sólarhringinn



Sunnudagur 11. mars:

## Sunnudagaskóli kl. 11

### Fjölskyldu- guðspjónusta kl. 13

Barna- og krílakórar kirkjunnar syngja  
ásamt kirkjukórnum.

## Basar

Basar Kvenfélagsins hefst í safnaðar-  
heimilinu að lokinni guðspjónustu og  
verður í safnaðarheimilinu.

Fjölmönnum og styrkjum gott málefni  
eftir góða stund í kirkjunni.

Nánar á [www.frikirkja.is](http://www.frikirkja.is) og á Facebook



Æskulýðsdagurinn 11. mars

## Guðspjónusta kl. 11

Kirkjuferð frímúrara.

**Bjartmar Sigurðsson**

syngur einsöng og félagar úr

**Drengjakór Hamars**

leiða almennan söng.

**Prédikun: Gísli Kr. Björnsson.**

Organisti: Helga Þórdís Guðmundsdóttir

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.

Allir velkomnir!

## Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.

## Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

[www.vidistadakirkja.is](http://www.vidistadakirkja.is)

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 11. mars

## Messa og sunnudagaskóli kl. 11

**Morgunmessa, TTT,  
barna- og unglingskórar.**

Sjá nánar á [www.hafnarfjardarkirkja.is](http://www.hafnarfjardarkirkja.is)  
[www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja](http://www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja)

## Stóra upplestrarkeppnin á þriðjudaginn

Kept var í skólum bæjarins um bestu lesendurna

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar verður haldin í Hafnarborg nk. þriðjudag en þar munu tveir fulltrúar úr 7. bekk hvers grunnskóla í bænum keppa til úrslita við hátíðlega athöfn.

Í Hraunvallaskóla var lokahátíðin haldin sl. þriðjudag þar sem nemendurnir sem höfðu komist í úrslit kepptu fyrir framan fullan sal af fólki. Þar sigruðu þær Emelía Ósk Kristjánsdóttir og Kolbrún Garðarsdóttir en Gerardas Slapikas verður til vara.

Gerardas Slapikas, Emelía Ósk Kristjánsdóttir og Kolbrún Garðarsdóttir stolt yfir árangrinum.



Ljóm: Aðalheiður Miley Strandsdóttir



# Fékk dönsku Léonie Sonning verðlaun

Bára Gísladóttir stundar nám í tónsmíðum og fékk hæfileikaverðlaun ungra tónlistarmanna

Bára Gísladóttir, 28 ára Hafnirðingur, fékk á mánudaginn Léonie Sonning tónlistarverðlaunin, virt dönsk verðlaun sem árlega er veitt erlendum tónlistarmönnum en Bára fékk, ásamt níu öðrum upprennandi tónlistarmönnum verðlaunin í flokki sem kallast „Talentpris“.

Fékk hún verðlaunin sem tónskáld. Bára er kontrabassaleikari sem hún hóf að spila á 17 ára þegar hún var í skiptinámi í Nýja Sjálandi en þá vantaði kontrabassaleikara í skólahljómsveitina. Segir hún það hafa verið sérstaka

tilfinningu að finna rétta hljóðfærið. Hún hafði lært á fiðlu frá 5 ára aldri þegar hún bjó í Noregi með foreldrum sínum Gísla Jónssyni hjartalækni og Brynhildi Auðbjargardóttur tónlistarkennara og kórstjóra. Hún hélt því námi áfram þegar fjölskyldan flutti aftur til Hafnarfjarðar. Við heimkomuna hóf hún að spila knattspyrnu með FH og fótboltinn átti hug hennar allan enda var hún fljótt farin að spila með meistara-flokki.

Eftir hlé frá tónlistinni fór hún í einkatíma í kontrabassaleik og útskrifaðist síðan frá Listaháskólanum með bakkalárgráðu í tónsmíðum. Þaðan hélt hún í meistaranám í tónsmíðum í Mílanó en lauk því námi við Konunglega tónlistarakadémiuna í Kaupmannahöfn þar sem hún er nú við sólóistanám.

„Ég er mjög ánægð með bakgrunn minn í tónlistarlífinu á Íslandi. Það getur verið nokkuð frjálstlegra en tónlistarlífið sem ég hef upplifað annars



Bára Gísladóttir.

staðar. Það einkennist af því að maður getur prófað margt,“ segir Bára sem býr í Kaupmannahöfn vegna náms auk þess sem það er hentugur staður þegar ferðast er víða um heiminn í hin ýmsu tónlistarverkefni en Bára kemur víða fram sem kontrabassaleikari.

Bára ætlar að nota verðlaunin, 60 þús. danskar krónur til að auka þekkingu sína og fæmi í tónsmíðum. Stefni hún á að fara í einkatíma hjá ítalska tónskáldinu og prófessornum Gabriela Manca í Mílanó auk þess sem hún ætlar í námsferðir með Loadbank og TAK Ensemble í New York, RIot Ensemble í Reykjavík og Amsterdam og kammerhópnum Nordic Affect í Reykjavík og í Skálholti.

Sjá má myndband með henni á www.fjardarfrettir.is þar sem hún talar á norsku um tónlist sína.

Helga  
3.  
sæti

„Höldum áfram með verkefni“

Helga Ingólfssdóttir - 3. sæti

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins 10. mars 2018

Hafnarfjörður - Besti bærinn



Helga Ingólfssdóttir Bæjarfulltrúi [www.facebook.com/1312.is/](http://www.facebook.com/1312.is/)

Bikarkeppni handbolts

## Haukar í undanúrslit

Bæði kvenna- og karlaíð Hauka í meistaraflokki í handbolta leika í undanúrslitum bikarkeppni karla í Laugardalshöll.

Kvennalið Hauka mætir 1. deildar liði KA/Þórs í kvöld, fimmtudag kl. 19.30. Sigri Haukar leikur liðið við sigurvegarana úr leik ÍBV og Fram á laugardaginn kl. 13.30



Lýsem.: Guðni Gíslason

Karlaíð Hauka mætir sterku liði ÍBV á morgun, föstudag kl. 17.15. Sigri Haukar leikur liðið við sigurvegarana úr leik Selfoss og Fram en úrslitaleikurinn er á laugardaginn kl. 16.

# Það sem Hafnafirðingar vilja, mun ég vinna að

Á laugardaginn kemur, 10 mars, verður haldið prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum í Hafnafirði. Allir þeir sem skráðir eru í sjálfstæðisfélag hér í bænum hafa kosningarétt. Ég býð mig fram í 3. sæti í þessu prófkjöri.

Mig langar að greina frá nokkrum atriðum sem mér finnst skipta miklu máli fyrir Hafnafirð og Hafnafirðinga, atriðum sem ný bæjarstjórn þarf að hafa ofarlega í huga.

• Tryggja þarf að bæjarbúar njóti alltaf nauðsynlegrar grunnþjónustu.



Magnús Ægir Magnússon

• Að alltaf sé til nægt framboð lóða til íbúðarbygginga og lóða fyrir atvinnureksturinn. Lóðir séu ekki notaðar til óhóflegrar skattheimtu.

• Beitt sé höfsemi í túlkun og framkvæmd á reglum og reglugerðum sem lúta að einstaklingum og atvinnulífni.

• Stuðla þarf að markvissri uppbyggingu miðbæjar Hafnarfjarðar.

Ég geng til kosninga með þessum orðum; „Það sem Hafnafirðingar vilja, mun ég vinna að“  
*Höfundur er rekstrarhagfræðingur*

## Saumastarf

**Markus Lifenet ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til saumastarfa.**

Umsækjandi þarf að vera vanur vélsaumi, vandvirkur, iðjusamur og eiga gott með að vinna með öðrum.

Í boði er sveigjanlegur vinnutími og björt og góð aðstaða nálægt smábátahöfninni í Hafnafirði.

Umsóknir sendist til [rakel@markusnet.com](mailto:rakel@markusnet.com)



## Ingi sækist eftir 2. sæti

Ingi Tómasson bæjarfulltrúi býður sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins og sækist eftir 2. sæti á lista flokksins. Ingi er 64 ára menntaður




húsasmiður og starfði lengst af hjá slökkviliði varnarliðsins á Keflavíkurlugvelli. Hann skipaði 4. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum, er formaður skipulags- og byggingarráðs og er í hafnarstjórn. Áherslur Inga eru áframhaldandi ábyrg fjármálastjórn með lækun skulda sem leiðir til enn betri þjónustu og lægri álögur á íbúa og fyrirtæki, umhverfis- og samgöngumál eru meðal þeirra mála sem Ingi leggur áherslu á en hann hefur m.a. beitt sér í úrbótum á Reykjanesbraut.

Þjóðlendur

## Leiðréttu landamerki

Eftir ábendingar Fjarðarfretta var samþykkt um stofnun fasteignar frestað en punktur sem gefinn var upp í gögnum forsætisráðuneytisins var um 500 m frá sínum rétta stað við Bláfjallahorn. Samþykkt skipulags- og byggingarráðs hafði einnig verið ónákvæm og snéri aðeins að 4,1 km<sup>2</sup> landsvæði en alls er landsvæðið sem íslenska ríkið hefur skilgreint sem þjóðlendu og færast undir bæjarmörk Hafnarfjarðar um 30 km<sup>2</sup>.



# PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í HAFNARFIRÐI

Laugardaginn 10. mars n.k. fer fram prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Hafnafirði fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

**Prófkjörið fer fram í Víðistaðaskóla kl. 10.00-18.00**

**Þátttökurétt í prófkjörinu eiga:**

- Allir fullgildir meðlimir sjálfstæðisfélaganna í Hafnafirði sem eru þar búsettir.
- Þeir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins, sem eiga muna kosningarétt í Hafnafirði við sveitastjórnarkosningar og undirritað hafa inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag í Hafnafirði fyrir lok kjörfundar og teljast þar með komnir á flokkskrá.

### ATKVÆÐASEÐILL

Í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Hafnafirði, 10. mars 2018.

Lovisa Björg Traustadóttir, iðnrekstrarfræðingur/meistaránámsnemi.
Magnús Ægir Magnússon, rekstrarhagfræðingur.
Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs.
Skarphéðinn Orri Björnsson, framkvæmdastjóri og varabæjarfulltrúi.
Tinna Hallbergsdóttir, gæðafulltrúi og meistaránemi.
Ugnur Lára Bryde, bæjarfulltrúi og flugfreyja.
Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfbjargar.
Einar Freyr Bergsson, framhaldsskólánemi.
Eyrún Eyfjörð Svanþórsdóttir, framhaldsskólánemi.
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, mannaútsstjóri.
Helga Ingólfssdóttir, bæjarfulltrúi.
Ingi Tómasson, bæjarfulltrúi.
Kristinn Andersen, verkfræðingur og bæjarfulltrúi.
Kristín Thoroddsen, varabæjarfulltrúi og flugfreyja.

**ATHUGIÐ.** Kjósa skal 6 framboðendur, hvorki fleiri né færri. Kosjið skal með því að setja tölustafina 1 til 6 fyrir framan nöfn framboðenda. Þannig skal kjósendi setja töluna 1 fyrir framan nafn þess framboðanda sem hann óskar að hljóti fyrsta sætið í prófkjörinu, töluna 2 fyrir framan nafn þess sem hann vill að hljóti annað sætið í prófkjörinu og þannig koll af kalli þar til kosnir hafa verið 6 framboðendur.

Kjósio 6 framboðendur í töluröð

**Utankjörfundaratkvæðagreiðsla** í prófkjörinu fer fram í Valhöll, Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík. Alla virka daga frá 1. - 9. mars 2018 kl. 9-17.

Kjörskrá liggur frammi við utankjörfundaratkvæðagreiðslu og við prófkjörið. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum.

Frekari upplýsingar tengdar prófkjörinu má finna á vefnum [www.xd.is/profkjor](http://www.xd.is/profkjor)



**Kjörstjórn Sjálfstæðisflokksins í Hafnafirði**



Saman gerum  
við gott  
bæjarfélag  
enn betra



KRISTÍN THORODDSEN

2. sæti

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins  
í Hafnarfirði 10. mars

## Frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

### SÖNGNÁM

Getum bætt við nemendum í söngnám  
og á 6 vikna söngnámskeið á vorönn.

Námskeiðið er frá 12. mars og út apríl mánuð.

Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu skólans  
í síma 5552704 eða með tölvupósti tonhaf@tonhaf.is

Skólastjóri



Tónlistarskóli  
Hafnarfjarðar



## Nú vill Vegagerðin ekki ljósastýrð gatnamót

Bæjarstjórnin sendi málið aftur í umhverfis- og framkvæmdaráð og Vegagerðin breytir um stefnu

Stefnt var að því að breyta gatnamótunum á Reykjanesbraut við Lækjargötu strax í sumar og breyta þeim í ljósastýrð gatnamót til að bæta umferðarflæði. En þegar málið var kynnt á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku komu upp efasemdir hjá bæjarfulltrúum sem vísuðu málinu aftur til umhverfis- og framkvæmdaráðs þó málið hafi ekki verið til formlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn.

Voru skoðanir bæjarfulltrúa skiptar um málið þó allir væru sammála um að mjög brýnt væri að finna lausn á málinu. Komu m.a. efasemdir um að bráðabirgðalausn yrði slík en hætt væri

við að slíkar lausnir stæðu lengur en ætlað er og hömluðu jafnvel fyrir varanlegri lausn.

### SENT TIL BAKA Í RÁÐIÐ

Ráðinu er því ætlað að skoða málin enn frekar en brýnt er að finna lausn sem allra fyrst. Engir fjármunir eru til fyrir varanlega lausn en Vegagerðin hefur gert ráð fyrir fjármagni til lagfæringa á gatnamótum Reykjanesbrautar, Hlíðarbergs og Lækjargötu annars vegar og Fjarðarhrauns og Reykjanesbrautar annars vegar.

### VIÐSNÚNINGUR HJÁ VEGAGERÐINI

Nú ber svo við að þrátt fyrir minnisblað Vegagerðarinnar frá 20. febrúar sl. þar sem veitt er álit á tillögum Verkis um ljósastýrð gatnamót við Lækjargötu, þá hefur borist nýtt erindi frá Vegagerðinni þar sem lagt er til að ekki verði farið í framkvæmdir við hringtorgið í ár. Þess í stað reyni Vegagerðin og Hafnarfjarðarbær að finna framtíðarlausn fyrir þjóðvegi í Hafnarfirði. Útilokar Vegagerðin þó ekki að hringtorginu verði breytt í umferðastýrð

gatnamót, það fari eftir niðurstöðu viðræðna milli aðila.

Þá kemur einnig fram að engin alvarleg slys hafa verið á hringtorginu við Lækjargötu frá 2016 skv. slysaskráningu lögreglu.

Hafnirðingar virðast því enn þurfa að biða eftir lausnum á þessum umferðarþungu gatnamótum en Helga Ingólfssdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs, segir að fast verði þrýst á að fá hraðamyndavélar til að minnka umferðarhraðann í brekkunni frá Kirkjugarðinum að Lækjargötu.

„Það sem Hafnirðingar vilja,  
mun ég vinna að“

Óska eftir kjöri í **3. sæti** í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði  
næstkomandi laugardag 10. mars

Magnús Ægir Magnússon



## SMÁUGLÝSINGAR

## þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

## smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is  
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

## Á DÖFINNI

## Hafnarborg

Tvær sýningar eru í Hafnarborg. Í aðalsal safnsins er það sýningin **Ultimate/Relative**, innsetning eftir Ráðhildi Ingadóttur. Í Sverrissal verður opnuð sýningin **Minningabrot og leyndir staðir** sýning á völdum myndum úr tveimur ljósmyndaseríum. Síðasta sýningarhelgi

## Erindi um sjálfsvíg og sjálfsskaða

Í kvöld, fimmtudag kl. 20 verður fræðslufundur Sálarannsóknarfélagið í Hafnarfirði Linnetsstíg 6. Á fundinum mun formaður félagsins Arnbjörn Leifsson flytur erindi um sjálfsvíg og sjálfsskaða. Saga manns sem bugaðist á jarðlífinu, framdi sjálfsvíg til að flýja veruleikann. Hvers vegna? Hvað tók við? Það er ekkert algjeymi til. Erindið helgað baráttunni gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða. Húsið opnað kl. 19:30. Allir velkomnir. Frítt inn og kaffi á könnunni.

## Skipulag Hrauna

Miðvikudaginn 14. mars kl. 20 verður kynningarfundur í Bæjarbíói þar sem framtíðarsýn Hraun-vesturs verður kynnt.

Hugmyndin að Hraun-vestur hefur verið í þróun í nokkur ár en lengi hefur verið kallað eftir nýrri sýn á „framhlið“ Hafnarfjarðar. Allir áhugasamir um uppbyggingu og framtíð þessa svæðis hvattir til að koma.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FJARÐAR fréttir



Smelltu á  
LIKE

og skoðu myndir  
á Facebook síðu  
Fjarðarfrétta

# Ingi segir Öddu Maríu vísvitandi fara með rangt mál

Adda María vill að forsetanefnd skeri úr um það hvort hún hafi brotið siðareglur

Það vekur athygli að siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa skuli vera með í fundargögnum síðasta bæjarstjórnarfundar í síðustu viku þegar málefni Skarðshlíðar voru rædd.

Þegar hlustað er á umræðu á fundinum má heyra að Ó. Ingi Tómasson, bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og byggingarráðs gagnrýnir minnihlutann fyrir bókun á síðasta bæjarstjórnarfundum þar sem áhyggjum var lýst á lóðaskilum í Skarðshlíð. Einnig gagnrýnir hann ræðu Öddu Maríu og það sem haft er eftir henni í Fréttablaðinu.

Í bókun Samfylkingar og VG segir: „Það er mikið áhyggjuefni hversu mörgum lóðum sem úthlutað var í Skarðshlíðarhverfi sl. haust hefur verið skilað. Þá hafa fáar íbúðir verið byggðar í Hafnarfirði á síðustu árum, þrátt fyrir að nóg væri til af tilbúnum lóðum. Í upphafi kjörtímabils var farið í tímafreka endurskoðun á skipulagi í Skarðshlíð sem hefur ekki aðeins tafið nauðsynlega uppbyggingu húsnæðis, heldur einnig gert það að verkum að svæðið höfðar ekki sem skildi til fólks sem vill byggja. Þar hafa íþyngjandi skilmálar m.a. um djúpgáma og efnisval sett lóðarhöfum þröngar skorður. Breytingar á því nú munu ekki gagnast þeim sem afsalað hafa lóðum. Þrátt fyrir að lóðir í Skarðshlíð séu búnar að vera tilbúnar til úthlutunar allt þetta kjörtímabil hefur núverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar skilað auðu í lóðaúthlutun og húsnæðisuppbyggingu.“

Telur Ingi yfirlýsingunna þess eðlis að líklegt sé að íbúar muni hljóta skaða af og taldi vísvitandi væri farið með rangt mál og langt frá því að málefnaleg sjónarmið hafi ráðið för. Sagðist hann

skilja það að reynt væri með þessu að klekkja á meirihlutanum.

Taldi hann að siðareglur hafi verið brotnar og því hafi hann óskað eftir að

í bænnum þrátt fyrir að bærinn hafi haft frumkvæði að samningum við ASÍ.

Adda María óskaði eftir svörum við því hvort hún að álitu Ólafs Inga hafi



Adda María Jóhannsdóttir



Ó. Ingi Tómasson

þær fylgdu með í fundarboðinu.

Snarpar umræður voru um málið þar sem m.a. var ræddur lóðarskortur í

„En þegar Samfylkingin með aðstoð Vinstri grænna taka eigin hagsmuni í pólitískum tilgangi fram yfir almannahagsmuni og hagsmuni Hafnarfjarðarbæjar er of langt gengið og fer langt yfir það sem siðareglur Hafnarfjarðar kveða á um.“

bænum og m.a. gagnrýnt að ekki væri byrjað að byggja neina félagslega íbúð

brotið siðareglur með því að upplýsa um ástæður þess að fólk hafi skilað inn lóðum. Ef ekki óskaði hún eftir afsökunarbeiðni ellegar yrðu þar til bærar aðilar að úrskurða um það hvort hún hafi brotið siðareglur.

Ólafur Ingi svaraði þessu ekki en taldi mögulegt að ekki hafi verið brotið viljandi gegn siðareglunum.

Í minnisblaði sem Ólafur Ingi lét taka saman kemur fram að 36% lóðum hafi verið skilað af þeim lóðum sem úthlutað hefur verið.

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar, taldi ekki hafa borist formlegt erindi til forsetanefndar um mögulegt brot Öddu Maríu á siðareglum kjörinna bæjarfulltrúa.

Engin afgreiðsla var gerð í málinu.

## Garðbæingar vilja loka

Garðbæingar í Boðahlein og Naustahlein yrðu aflokaðir

Garðabær hefur auglýst deiliskipulagstillögu sem miðar að því að loka gamla Álftanesvegnum við Herjólfsbraut svo íbúar Garðabæjar í Boðahlein og Naustahlein auk íbúa nokkurra húsa við Herjólfsbraut þurfa að aka 2,5 km aukalega vestur gamla Álftanesveginn og til baka nýja Álftanesveginn til að komast í miðbæ Garðabæjar.

Hafnarfjarðarbær hefur kært deiliskipulagstillöguna í Garðabæ til úrskurðarnefndar um skipulagsmál en málið var tekið upp á fundi svæðis- skipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 26. janúar sl.

Garðabær hafði ekkert samráð við Hafnarfjarðabæ vegna þessara breytinga eins og áskilið er en breytingin

hefur einnig mikil áhrif á íbúa Hafnarfjarðar þar sem þessi breyting mun t.d.

auka akstur um íbúðagötur í Norður- bænum.



Hér á mótum Herjólfsbrautar og Álftanesvegur vilja yfirvöld í Garðabæ loka til austurs til að takmarka umferð meðfram húsum í Þrýðishverfinu.





VINSTRI  
GRÆN

**Viltu taka þátt í spennandi stjórnmalastarfi?  
Viltu starfa í bæjarmálum í Hafnarfirði?  
Viltu gefa kost á þér á lista Vinstri grænna í Hafnarfirði?  
Viltu hafa áhrif?**

Do you want to participate in an exiting political movement? Do you want to work with City Council matters for Hafnarfjordur? Do you want to have influence?

Czy chcesz mieć udział (decydować) w kwestii politycznej? Czy chcesz decydować w sprawach miasta Hafnarfjordur? Czy chcesz kandydować z listy „lewej zielonej” w Hafnarfjordur? Czy chciałbyś / chciałybyś mieć na to decydujący wpływ?

**Sendu okkur póst / e-mail: [vg hafnarfjordur@gmail.com](mailto:vg hafnarfjordur@gmail.com)**

VG HAFNARFIRÐI

## Setbergsskóli sigraði

Úrslit réðust í spurningakeppni grunnskólanna í Bæjarbíói

Setbergsskóli og Víðistaðaskóli kepptu til úrslita í spurningakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði, Veistu svarið? í Bæjarbíói 28. febrúar sl. Spyrrill og spurningahöfundur var Árni Stefán Guðjónsson.

Fyrirkomulagið var ekki ósvipað og í Gettu betur, 90 sekúndna hraðaspurningar, vísbendingaspurningar, 10 bjölluspurningar, hljóddæmi og þríþraut.

Keppnin var hörð og skemmtileg og góð stemning í Bæjarbíói og svo fór að lið Setbergsskóla sigraði 31-23. Skólinn hampaði bikarum síðast árið 2010.

Lið þeirra skipuðu þau Eiríkur Viktorsson Kúld, Svanberg Addi Stefánsson og Eydís Lilja Guðlaugsdóttir.



Eydís Lilja, Eiríkur og Svanberg Addi hampa verðlaununum.



Lið Víðistaðaskóla kipuðu þau Áróra Friðriksdóttir, Þorfinnur Ari Baldvinsson og Guðmundur Pétur Dungal Nielsson.

## ÍÞRÓTTIR

### Handbolti:

8. mars kl. 19.30, Laugardalshöll  
Haukar - KA/Þór, bikarkeppni kvenna

9. mars kl. 17.15, Laugardalshöll  
Haukar - ÍBV, bikarkeppni karla

14. mars kl. 19.30, Ásvellir  
Haukar - Fram, úrvalsdeild kvenna

#### ÚRSLIT KVENNA:

FH - KA/Þór: 24-32  
Gróttá - Haukar: 20-35  
HK - FH: 26-21

#### ÚRSLIT KARLA:

ÍR - FH: 24-24

### Körfubolti:

8. mars kl. 19.15, Ásvellir  
Haukar - Valur, úrvalsdeild karla

10. mars kl. 16.30, Ásvellir  
Haukar - Snæfell, úrvalsdeild kvenna

14. mars kl. 19.15, Valshöllin  
Valur - Haukar, úrvalsd. kvenna

#### ÚRSLIT KARLA:

ÍR - Haukar: 64-62  
Haukar - Stjarnan: 80-73

#### ÚRSLIT KVENNA:

Njarðvík - Haukar: (miðvikudag)  
Stjarnan - Haukar: 72-74

### Knattspyrna:

9. mars kl. 18, Kórinn  
HK/Víkingur - Haukar, Foxaflóam. kv. B

10. mars kl. 12, Reykjaneshöllin  
Keflavík - Haukar, bikar karla A-R3

11. mars kl. 12, Leiknisvöllur  
FH - Grindavík, bikar karla A-R4

11. mars kl. 14, Leiknisvöllur  
FH - ÍBV, bikar kvenna A

#### ÚRSLIT KVENNA:

Gróttá - Haukar: 0-4  
Haukar - ÍA: 1-1

## FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á  
[fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)

...eða notaðu formið á

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is)

## LISTI SAMFYLKINGARINNAR KYNNTUR

LAUGARDAGINN 10. MARS KLUKKAN 11

Laugardaginn 10. mars klukkan 11:00 verður listi Samfylkingarinnar til sveitastjórnakosninga í Hafnarfirði 2018 kynntur og borinn upp til samþykktar á félagsfundi, í Samfylkingarhúsinu, Strandgötu 43.

Allir velkomnir.

Stjórnin



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

### Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði  
sími 578 0200

## Hildur nýr skóla-meistari

Stjórn Tækniskólans hefur ráðið Hildi Ingvarsdóttur véla- verkfræðing skólameistara Tækniskólans frá 1. júní nk.



Hildur Ingvarsdóttir.

Undanfarin 12 ár hefur hún starfað hjá Orkuveitu Reykjavíkur og síðustu fimm ár verið forstöðumaður Viðhaldsþjónustu Veitna. Hjá Veitum hefur hún tekið ríkan þátt í að efla vinnustaðanám fyrirtækisins auk þess að vinna ótulllega að því að efla áhuga unglínga á iðn- og tæknigreinum. Hildur sat í stjórn Tækniskólans frá 2014-2016 sem fulltrúi Samorku.

Tækniskólinn er einkarekinn skóli í eigu Samtaka iðnaðarins, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur og Samorku.

Hildur er 43 ára dóttir Hafnarfirðingsins Ingvars Birgis Friðleifssonar jarðfræðings og Þórðsár Árnadóttur.

# Leggja til hringtorg við Krónuna

Lítill ávinningur af því að leggja niður tengingu Bæjarhrauns við FH-torg

Hafnarfjarðarbær lét verkfræðistofuna Eflu greina umferð á gatnamótum Flatahrauns og Álfaskeiðs og áhrifa á FH-torgið. Að ósk Hafnarfjarðarbæjar gerði Efla tillögur að úrbótum og mælir með lausn með hringtorgi á gatna-

mótum Flatahraun-Álfaskeið þar sem öryggi og flæði verði best tryggt þannig. Einnig næst flæði á Flatahrauni best með hringtorgi á báðum gatnamótum. Gönguleið yfir Álfaskeið lengist með þessari lausn, en gönguleið við Krónuplan er

betrubætt ásamt því að nýrri gönguleið er komið fyrir yfir Flatahraun. Er kostnaður við gerð hringtorg gróflega áætlaður um 40 milljónir kr.

Efla sýndi aðrar mögulegar aðgerðir m.a. lagfæringar á gatnamótunum þar sem vinstri

beygja til og frá tengingu að Krónunni. Sú lausn var áætluð að kostaði um 15 milljónir kr.

Þá mat Efla það svo að afnám tengingar við Bæjarhraun við FH-torgið hefði óveruleg áhrif á torgið.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði 10. mars

Kjósum áfram öflugan forystu sjálfstæðismanna



Kristinn Andersen  
verkfræðingur og bæjarfulltrúi

2.  
sæti